



Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 785/1998 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

Ábyrgðarmaður umsóknar	Páll Höskuldsson
Sími ábyrgðarmanns	6656172
Netfang ábyrgðarmanns	pah@efla.is
Nafn fyrirtækis	Orkugerðin ehf
Kennitala fyrirtækis	5801697249
Starfsstöð fyrirtækis	Heiðargerði 5
Póstnúmer og staður	801 Selfoss
Sími fyrirtækis	4823553
Netfang fyrirtækis	orkugerðin@orkugerðin.is
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Guðmundur Tryggvi Ólafsson
Sími tengiliðs	6602220
Netfang tengiliðs	gudmundur.tryggvi@sorpa.is

Uppýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Orkugerðin framleiðir próteinmjöl og fitu úr dýraleifum. Framleiðslan hófst árið 2000.

Tekið er við framleiðsluleifum frá sláturhúsum og kjötvinnslum í hráefnismóttöku verksmiðjunnar sem er innandyrna. Í móttökunni er hráefnunum sturtað í síló, sem síðan matar sjóðarana eftir að hráefnið hefur verið hakkað. Ekkert efni fer úr hráefnismóttökunni nema í gegnum sjóðarana fyrst eða aðra sótthreinsun. Fyrirtækið hefur framleitt úr nærri 3.000- 5.000 tonnum af hráefni árlega. Heildar framleiðslugeta á ári er um 7.000 tonn af hráefni. Unnið er í lotum í verksmiðunni sem hver er um ein vika og eru um 60-85 tonn af hráefni í hverri lotu.

Í sjóðurunum sem eru staðsettir í hreina svæði verksmiðjunnar er nánast allt vatn soðið úr hráefninu og það hitað undir þrýstingi. Þar gufa um 60-70% af þunga hráefnisins upp í lofthreinsibúnaðinn. Það efni sem kemur úr sjóðurunum er að meðaltali 14% fita og 18% mjöl. Þessi hlutföll eru breytileg eftir hráefnissamsetningu. Fita og mjölið eru síðan skilin að í pressu. Fita fer síðan í dikanter skilju til hreinsunar og þaðan á upphitaða birgðatanka (60°C). Mjölið fer inn á millu og þaðan inn á mjölsiló til geymslu og loks til pökkunar í sekki.

Í verksmiðjunni eru tveir sjóðarar. Hver sjóðari tekur um 3 tonn af hráefni og suðu og þurrktími er 180 +/-50 mínútur eftir tegund hráefna en miðað er við að enda með 10% rakastig. Tími við hleðslu og losun er um 20 mínútur. Á venjulegum degi utan sláturtíðar er unnið 16 tíma á sólarhring og hámarksafköst um 24 tonn. Yfir sláturtíðina er unnið allan sólarhringinn og afköstin þá um 30-35 tonn.

Afurðir eru eins og áður segir fita og próteinríkt mjöl. Mjölið er mest notað í skógrækt og landgræðslu á Suðurlandi. Fita hefur verið nýtt að hluta í eigin orkuframleiðslu, en ekki næst að nýta hana alla og því hefur hluta hennar verið fargað. Unnið er að verkefnum hvernig megi nýta fituna.

Uppdrættir af staðsetningu	Orkugerðin-Uppdráttur.JPG
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	Staðfest Deiliskipulag.pdf
Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði)	Staðhættir við vinnslustað.pdf

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Eftirfarandi er listi yfir áætlaða notkun hráefna og annara efna og orkunotkun. Tölur er áætlaðar út frá grænu bókhaldi síðustu ára og áætluðu framtíðarfyrirkomulagi við framleiðsluna.

Hráefni, dýraúrgangur: 3.100 tonn

Olíu- og smurefni: 80 ltr.

Þvotta og hreinsiefni: 120 kg

Málningarefni og kítti: 180 ltr.

Orkugjafir:

Rafmagn: 350.000 - 450.000 kWh

Fita: 400.000 - 600.000 ltr.

Olía (Dísel (gasolía) og svartolía): 0 - 10.000 ltr.

Vatn:

Kalt: 5.000 ltr.
Heitt: 5.000 - 25.000 ltr.

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

FRÁVEITUVATN:

Fráveituvatni frá verksmiðjunni má skipta í fjóra hluta:

1. Þéttivatn frá sjóðurum. Vatnið er þéttur eimur frá sjóðurum og inniheldur mjög lítið magn efna. Magn þéttivatns frá sjóðurum er áætlað um 1 m³/klst. Vatnið er leitt í fitugildru og siturbeð.
2. Vatn sem kemur frá þvotti og hreinsun vélbúnaðar og svæða í verksmiðjunni. Öllu þvottavatni er í dag safnað í tank og dælt inn á sjóðara þar sem vatnið er soðið upp þannig það umbreytist í gufu. Þegar vatnið þéttist aftur fer það út með öðru þéttivatni í fitugildru og siturbeð, en þurrefnin fara aftur inn í framleiðsluferilinn. Spilliefnum er haldið frá frárennsli.
3. Vatn frá þvotti í ketilhúsi og niðurbæstri af kötlum er leitt í fitugildru og þaðan í siturbeð. Um óverulegt magn er að ræða og tiltölulega hreint vatn.
4. Skólp frá starfmannaaðstöðu er veitt í sér kerfi í rotþró á lóð fyrirtækisins og er hún tæmd reglulega.

LOSUN EFNA Í ANDRÚMSLOFT:

1. Útblástur óþéttanlegra gastegunda frá hráefnissjóðurum er blandað lofti fyrir olíubrennara. Gasið inniheldur lyktargös sem eytt er með brennslu í olíubrennara.
2. Innloft frá vinnurými verksmiðju sem blásið er út um skorstein. Um er að ræða tiltölulega hreint loft.
3. Útblástur frá brennara við gufuketil sem fer út um skorstein. Útblásturinn inniheldur lágt innihald brennisteins og sótts þar sem notast er við fitu (lífeldsneyti) við gufuframleiðsluna.

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali: Listi skil til alþjóðasamninga.xlsx

Losunartölur vegna alþjóðasamninga

Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

Áhrif losunarefna á umhverfið.pdf

Hvaða mengunarnarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Eimur frá sjóðurum er leiddur í gegnum cyklon þar sem fast efni og agnir falla út. Eftir cykloninn fer gufan í gegnum eimsvala og þéttivatnið fer svo áfram í fitugildru áður en vatnið er endanlega losað í siturbeð.

Þvottavatn er eimað með því að nota varma frá katli. Þegar vatnið þéttist aftur fer að út með öðru þéttivatni í gegnum fitugildru í siturbeð, en þurrefnin fara aftur inn í framleiðsluferilinn.

Óþéttanleg gös frá eimsvala eru leidd í olíubrennar þar sem gösin eru brennd til eyðingar á lyktarefnum.

Ryk og önnur mengunarefni í útblæstri frá gufubrennara eru lágmarkuð með notkun á lífeldsneyti eins og fitu.

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út Aðgerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið.pdf í umhverfið?

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Starfsemi fyrirtækisins hefur áhrif á umhverfið og er háð lögum og reglugerðum. Með því að auka þekkingu og skilning starfsmanna, og með stöðugum umbótum í umhverfismálum, stefnir Orkugerðin ehf. að því að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið. Fyrirtækið er með umhverfisstefnu og í henni segir:

Starfsmenn Orkugerðarinnar munu:

Fylgjast með breytingum á lögum og reglugerðum tengdum slíkri starfsemi.

Fræða, þjálfá og hvetja alla starfsmenn til að vinna verk sín á umhverfisvænan hátt.

Vakta og stýra mikilvægum umhverfisþáttum til að lágmarka umhverfisáhrif af starfseminni, meðal annars með því að:

- vinna stöðugt að bættri nýtingu orku og hráefna
- lágmarka loftmengun
- lágmarka rykmengun
- minnka magn úrgangs sem fer til urðunar
- flokka úrgang og halda spilliefnum aðgreindum
- minnka hættu á jarðvegsmengun

Taka tillit til umhverfisáhrifa við:

- val á nýjum framleiðsluferlum
- vörupróun
- innkaup
- framkvæmdir

Endurskoða umhverfisstefnuna reglulega með umbætur í umhverfismálum að leiðarljósi.

Fyrirtækið heldur grænt bókhald og útstreymisbókhald til að fylgjast með notkun efna og losun úrgangs frá framleiðslunni.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Allur úrgangur er flokkaður með því markmiði að endurnýta og/eða endurvinnna eins mikið af úrgangi og hægt er. Efni sem ekki er hægt að endurnýta og/endurvinnna er sent á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Fita úr framleiðsluferlum er nýtt til orkuvinnslu í framleiðslunni að miklu leyti. Orkugerðin leitar leiða fyrir frekari nýtingu á fitu, til að minnka megi magn fitu sem þarf að farga.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Almennur úrgangur til urðunar:

- Þar af sláturúrgangur/seyra/fóðurmjöl: 200.000 kg
- Þarf af fita: 50.000 kg
- Þar af óflokkaður rekstraúrgangur: 5.000 kg

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar

Reynt er að draga úr myndun mengandi efna sem kostur er og losunarefni verða losuð á viðurkenndan hátt án þess að hafa áhrif til mengunar annarsstaðar.

Munu losunarþættir viðkomandi reksturs hafa í för með Ekki er gert ráð fyrir sammögnunaráhrifum. sér sammögnunaráhrif?

Annað

Sýniseintök af áætlunum til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Orkugerðin ehf. rekur kjötmjölsverksmiðju þar sem unnið er próteinmjöl og fita úr sláturúrgangi frá sláturhúsum og kjötvinnslum. Verksmiðjan er staðsett í dreifbýli í Flóahreppi, um 7 km austan við Selfoss. Framleiðsluleifum frá sláturhúsum og kjötvinnslum er safnað og komið í hráefnismóttöku verksmiðjunnar sem er innandyra. Í móttökunni er hráefnunum sturtað í síló, sem síðan matar sjóðara eftir að hráefnið hefur verið hakkað. Ekkert fer úr hráefnismóttökunni nema í gegnum sjóðarana fyrst eða aðra sóttthreinsun. Fyrirtækið hefur framleitt úr allt að 5.000 tonnum af hráefni árlega en getur framleitt að hámarki úr 7.000 tonnum hráefnis.

Í sjóðurunum sem eru staðsettir í hreina svæði verksmiðjunnar er nánast allt vatn soðið úr hráefninu undir þrýstingi. Þar gufa um 60-70% af þunga hráefnisins upp í lofthreinsibúnaðinn. Það efni sem kemur úr sjóðurunum er að meðaltali 14% fita og 18% mjöl. Fitan og mjölið eru síðan skilin að í pressu.

Afurðir eru eins og áður segir fita og próteinríkt mjöl. Mjölið er pakkað í stórsekki og er mest notað í skógrækt og landgræðslu á Suðurlandi. Fitan hefur verið nýtt að mestu til eigin orkuframleiðslu, en ekki næst að nýta hana alla og því hefur hluta hennar verið fargað. Unnið er að verkefnum hvernig megi nýta fituna.

Allt frárennslisvatn frá framleiðsuferlum verksmiðjunnar er þéttivatn frá sjóðurum sem hefur lágt efnainnihald. Agnir eru hreinsaðar úr eimnum fyrir þéttingu og er þéttivatnið síðan leitt í fitugildru og endanlega í siturbeð. Annað frárennslí frá ketilhúsi er mjög lítið og frekar hreint og er leitt í fitugildru og siturbeð.

Gastegundir frá sjóðurum geta innihaldið lyktarefni sem eitt er í brennurum við gufufurframleiðslu. Loftræstiloft frá verksmiðjuhúsnæði er tiltölulega hreint og er því blásið út um háan skorstein og hefur ekki áhrif á nærumhverfið.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri Á þessu stigi er ekkert annað sem koma þarf á framfæri

Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar Áætlun vegna rekstrarstöðvunar.pdf

Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar Áætlun vegna rekstrarstöðvunar.docx

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafis og stranda skal auk þess fylgja:

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við Staðfestingu á tryggingu.docx
lög nr. 33/2004

Áhættumat vegna bráðamengunar hafis og stranda Bráðamengun hafas og stranda.docx

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafis og stranda Bráðamengun hafas og stranda.docx

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn

Viðbótargögn